

Mánudaginn 5. júlí 1982.

Nr. 139/1982. **Ákærvaldið**
 gegn
Sævari Rafni Jónassyni.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Björn Sveinbjörnsson og Magnús P. Torfason.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 30. júní 1982, sem barst Hæstarétti 2. júlí. Krefst hann þess, að gæsluvarðhaldsúrskurðurinn verði felldur úr gildi. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Af hálfu ákærvalds er krafist staðfestingar úrskurðarins.

Í kafla þeim, sem ber yfirskriftina **kröfur** í hinum kærða úrskurði, hefur misritast undir III dagsetningin 28. júní í stað 26. júní og undir V dagsetningin 20. júní í stað 26. júní.

Með þessari athugasemd og að öðru leyti með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð :

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Akureyrar 30. júní 1982.

Ár 1982, miðvikudaginn 30. júní, er á dómþingi sakadóms Akureyrar, sem háð er í lögreglustöðinni við við Þórunnarstræti af af Sigurði Eiríkssyni dómarafulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

KRÖFUR.

Rannsóknarlögreglan á Akureyri hefur krafist þess, að Sævar Rafn Jónasson, fæddur 17. apríl 1954 á Akureyri, óvíst um heimilisfang eða dvalarstað, verði úrskurðaður í gæsluvarðhald vegna gruns um eftirtalin afbrot:

I. Innbrot í söluskálanum að Tjörn í Aðaldal, Suður-Þingeyjarsýslu föstudaginn 25. júní 1982, en þar var brotin rúða í framhurð skálans, 70 x 160 cm, 5 mm þykk, og tekur ca 500 krónur úr peningakassa, sem geymdur var í hillu undir borði í söluskálanum.

II. Innbrot í verslun KSP að Fosshóli í Suður-Þingeyjarsýslu aðfaranótt laugardagsins 26. júní 1982. Þar var farið inn með þeim hætti, að rúða á vesturhlið hússins hafði verið tekin úr með því að skrúfa lausa lista þá, sem héldu rúðunni. Inni í versluninni var rótað í litlum peningakassa, sem var við afgreiðsluborð verslunarinnar, og einnig öðrum kassa, sem var í pylsusölu verslunarinnar. Þá hafði peningaskápur verslunarinnar verið opnaður og öllum peningum að meðtöldum ávísunum verið stolið, en hér var um að ræða íslenska peninga og gjaldeyri, þ. e. þýsk mörk og dollara. Samtals var þýfi þarna jafnvirði ca 22.000 íslenskra króna.

III. Innbrot í bensínafgreiðslu í Nesi, Fnjóskadal, Suður-Þingeyjarsýslu, aðfaranótt laugardagsins 28. júní 1982, en þar var stolið ca 300 krónum.

IV. Inbrot í útibú KSP í Vaglaskógi aðfaranótt laugardagsins 26. júní 1982, en þar hurfu nokkrir pakkar af vindlingum.

V. Innbrot í íbúð að Furulundi 4 G. Akureyri, aðfaranótt laugardagsins 20. júní 1982, en þar var stolið m. a. 2.000 krónum í peningum, flösku af Martini og hálfri flösku af Campari og ca 15 stykkjum hljómplötum.

VI. Innbrot í íbúð að Tjarnarlundi 14 A, Akureyri, aðfaranótt laugardagsins 26. júní 1982, en þar var m. a. brotinn hurðarhúnn á hurð, sem snýr að sólpalli, og stolið um 2—300 krónum.

VII. Nytjastuld á bifreiðinni A 2691, Audi 100, árgerð 1977, dökkrauðri að lit, í eigu Sigurðar Arnfinnssonar, Steinahlíð 5 B, Akureyri, en bifreiðin var tekin við hús Búnaðarbankans, Akureyri, um kl. 1500 sunnudaginn 27. júní 1982 og ekið vestur Skagafjörð, þar sem hún valt úti á Skaga skammt frá bænum Selá, Skefilsstaðahreppi, Skagafjarðarsýslu, um kl. 1900 sama dag.

MÁLAVEXTIR.

Samkvæmt upplýsingum útlendingaeftirlitsins í Reykjavík, kom kærði Sævar Rafn til Íslands miðvikudaginn 23. júní 1982 í fylgd Oslóarlögreglu í Noregi, en honum hefur verið vísað ævilangt frá Noregi vegna þjófnaðarmála, Kærði tók bifreið

á leigu hjá bílaleigunni Ási, Reykjanesbraut 12, Reykjavík, þann 23. júní 1982 og framvísaði þar ökuskírteini og greiddi upp í leigu 1.000.00 krónur, en leigan átti að standa til 24. júní 1982. Kærði gaf bílaleigunni upp heimilisfang að Hótel City í Reykjavík, en hann kom aldrei þangað. Bifreið sú, sem kærði tók á leigu, var af gerðinni Mazda, fólksbifreið 323, árgerð 1979, koparbrún að lit og „sanseruð“, skráningarnúmer Y 8993. Kærði skilaði bifreiðinni ekki 24. júní sl., heldur fannst hún fyrir hádegi þann 26. júní 1982 á bifreiðastæði við Akureyrarflugvöll án straumláslykla og mannláus. Bifreiðinni hafði þá verið ekið 1980 kílómetra.

Fimmtudaginn 24. júní 1982 kom kærði til foreldra sinna í stutta heimsókn að Eyrarvegi 16, Akureyri.

Föstudaginn 25. júní 1982 taldi lögreglumaður frá Húsavík, sem var á frívakt, sig hafa séð bifreið þá, sem kærði hafði á leigu á Húsavík.

Laugardaginn 26. júní 1982 tók kærði herbergi á leigu á Hótel Varðborg, Akureyri, fram til 29. júní s. á., en hann gisti þar aðeins aðfaranótt sunnudagsins 27. júní 1982. Þennan sama dag, kl. 1500, hvarf bifreiðin A 2691 af bifreiðastæði norðan við Bún-aðarbankann á Akureyri, og kl. 1910 um kvöldið tilkynnti Hreinn Guðjónsson, bóndi að Selá, Skefilsstaðahreppi, Skagafjarðarsýslu, til lögreglunnar á Sauðárkróki, að bifreið hefði verið ekið út af veginum þar fyrir neðan og hefði bifreiðin oltið þar og öku- maður hafi, þegar síðast sást til hans, stefnt til sjávar. Að sögn sjónarvotta var öku maður klæddur í rauðan bol og dökkan jakka eða móleitan. Lögreglan á Sauðárkróki handtók kærða nyrst á Laxárdalsheiði, um 15—20 kílómetrum frá, þar sem bifreiðin fór út af veginum. Var kærði þá klæddur í rauðan skyrtubol og sæ-blágráa skinnflík.

Við handtöku hafði kærði eftirfarandi í fórum sínum:

- | | |
|--|------------|
| 1. Í brjóstvasa 20 búnt af 10 kr. seðlum | kr. 2.000 |
| 2. Svart seðlaveski | — 3.390 |
| 3. Finnisk mörk 10x2.40 | — 24 |
| 4. Sænskar krónur 110x1.85 | — 203.50 |
| 5. Í umslagi innan í seðlaveskinu: | |
| 5.1. Dollarar 210x11.37 .. | — 2.274.00 |
| 5.2. Norskar krónur 4.000x1.80 | — 7.200.00 |
| 5.3. Vesturbýsk mörk 700x4.55 | — 3.185.00 |
| 5.4. Sterlingspund 60x19.45 | — 1.167.00 |
| 5.5. Franskir frankar 300x1.64 | — 492.00 |

5.6. Gyllini NL. G. 125x4.12	kr.	515.00
5.7. Austurrískir Schillingar A. sh. 1.000x0.62 ..	—	640.00
5.8. Svissneskir frankar CH. fr. 100x5.34	—	534.00
5.9. Danskar krónur 1.030x1.31	—	1.349.30
en miðað er við gengi 25/6 1982, miðað við kaup gjaldeyris.		
6. Í buxnavasa voru	—	3.50
7. Í nærbuxum umslag með:		
7.1. Ávísun nr. 5515008, hlaupareikningur 905 á Samvinnubankann, Svalbarðseyri, stimpluð á Mána Laxdal, gefin út á Kristínu Halldórsdóttur og framseld af Kristínu, nnr. 5748—8387	—	2.045.00
7.2. Ávísun nr. 0401564 við Seðlabanka Íslands, reikn. nr. 1179—2, útg. 18/6 1982 af Árna Jónssyni með stimpli Sparisjóðs Kinnunga, gefin út og framseld af Jóni Sigurðssyni ..	—	5.600.00
7.3. Ávísun nr. 6233995 á Samvinnubankann á Svalbarðseyri á reikn. nr. 129, útg. 25/6 1982 af Bergljótu Þorsteinsdóttur, nnr. 1041—0223, óframseld	—	2.000.00
7.4. Peningar (22x500 kr. seðlar og 15x50 kr. seðlar)	—	11.750.00

Samtals kr. 44.372.30

Í fórum kærða fundust m. a. ávísanir, sem saknað var úr versluninni að Fosshóli, Suður-Þingeyjarsýslu. Þar fannst einnig fingrafar, sem reyndist vera af kærða.

Kærði var fluttur til Akureyrar og vistaður í fangaklefa, kl. 0330, mánudaginn 28. júní 1982. Sama dag, kl. 1500, var hann yfirheyrður af rannsóknarlögreglunni, en gaf engin svör við spurningum, svaraði með útúrsnúningum.

Kærði kom fyrir dóm í gær, kl. 1115, og svaraði þá ekki frekar, hann neitaði að skýra frá nafni og gaf engin efnisleg svör varðandi sakargiftir. Dómari tók sér sólarhringsfrest til að úrskurða í málinu, og Ólafur Birgir Árnason héraðsdómslögmaður var skipaður réttargæslumaður kærða.

NÍÐURSTAÐA.

Eins og rakið er hér að framan, er ljóst, að kærði er undir rökstuddum grun um stórfellda þjófnaði og nytjatöku bifreiðar,

og hefur hann ekki fengist til að svara spurningum lögreglu eða dómara nema með útúrsnúningum. Rannsókn málsins er á algeru frumstigi. Eftir er að afla sýnilegra sönnunargagna og yfirheyra vitni. Hætta er á, að kærði spilli sakargögnum, ef hann heldur óskertu frelsi sínu, m. a. með því að skjóta undan munum eða gögnum, er brotin varða. Þá er ekki kunnugt um dvalarstað kærða, og ekki verður séð, að hann hafi möguleika á að hafa löglega ofan af fyrir sér.

Ber því með vísun til 1. tl. og 3. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála að úrskurða kærða í gæsluvarðhald allt til föstudagsins 23. júlí 1982, kl. 1115.

Brot þau, sem kærði er sakaður um, gegn 244. gr. og 1. mgr. 259. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, gætu, ef sönnuð yrðu, varðað hann fangelsisrefsingu, og eru því ákvæði 65. gr. stjórnarskrárinnar gæsluvarðhaldinu ekki til fyrirstöðu.

Úrskurðarorð:

Kærði, Sævar Rafn Jónsson, fæddur 17. apríl 1954 á Akureyri, sæti gæsluvarðhaldi til föstudagsins 23. júlí 1982, klukkan 1115.
